

Nd. **465. Nefndarálit** [22. mál]
um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Það er skoðun minni hluta, að sveitarfélögin eigi að ráða sjálf yfir tekjustofnum sínum. Það sé því á valdi hvernar sveitarstjórnar að veita afslátt eða lækka álagningu fasteignagjalda.

Til að léttu álagningu á sumarbústaðaeigendum tel ég réttara að fella niður gjald til sýsluvegasjóðs af sumarbústöðum.

Rétt er að fram komi að sumarbústaðir á vegum stéttarfélaga eru undanþegnir fasteignagjöldum.

Minni hl. leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 3. mars 1983.

Alexander Stefánsson.